


	<b>Urriðaholtsskóli</b>	
Kennsluáætlun		
3 kennslustundir á viku. 60 mínútur í senn	<i>Heimilisfræði, textílmennt og upplýsingatækni</i>	
	Kennari: Jónína Klara Pétursdóttir	Skólaárið 2021 - 2022

Tegund	Námsgögn
Kennslu-gögn	Verkefnamappa, uppskriftir, mataráhöld, saumaáhöld og fleira tilfallandi.

Annað	Lýsing
<b>Kennslu- fyrirkomulag</b>	Samþætt smiðja úr námsgreinunum heimilisfræði, textílmennt og upplýsingatækni. Nemendur munu koma til með að læra einfalda matargerð og textílmennt út frá umhverfissjónarmiðum. Nemendur nýta sér tæknina til þess að finna uppskriftir og tileinka sér nýja færni. Nemendur sauma sér myllupoka og hjálpast að við að hekla ferninga í teppi ásamt því að fá þjálfun í því að fylgja fjölbreyttum einföldum uppskriftum upp á eigin spýtur.
<b>Markmið</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Að nemendur rifji upp reglur heimilisfræðistofunnar og kunni að meta hreint og vistlegt umhverfi ásamt því að tileinka sér persónulegt hreinlæti</li> <li>• Að nemendur kunni skil á þeim áhöldum sem nota þarf við matreiðslustörf</li> <li>• Að nemendur geti notað allar mæliskeiðarnar, dl-mál og lítramál og geti mælt 1/4 og 3/4</li> <li>• Að nemendur læri að fylgja einfaldri skriflegri uppskrift upp á eigin spýtur og fái þjálfun í að búa til einfalda rétti</li> <li>• Að nemendur þjálfist í að vaska upp og ganga vel um stofuna, efni og áhöld</li> <li>• Að nemendur þekki heiti næringarefnanna og kynnist hlutverkum steinefna og vítamína</li> <li>• Að nemendur greini á milli góðs og lélegs fæðuvals og geri sér grein fyrir því að góðar neysluvenjur eru mikilvægar heilsunnar vegna.</li> <li>• Að nemendur rifji upp þekkingu sína á fæðuflokkunum og viti um mikilvægi vatns fyrir líkamann</li> <li>• Að nemendur temji sér sparnað og ábyrgð gagnvart verðmætum.</li> <li>• Að nemendur kynnist fatamerkingum og þvottaleiðbeiningum</li> </ul>
<b>Námsmat.</b> Lokanámsmat er í samræmi við hæfniviðmið aðalnámskrár.  <b>Matskvarði</b> : 5 tákn. Framúrskarandi, hæfni náð, á góðri leið, þarfnast þjálfunar og hæfni ekki náð.	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Símat</li> <li>• Leiðsagnarmat</li> <li>• Sjálfstæð vinnubrögð</li> <li>• Þáttaka og virkni í kennslustund</li> </ul>

**Kennsluáætlun er sett fram með fyrirvara um breytingar**

Tímar	Viðfangsefni	Námsmat
1-2 - Heimilisfræði	Nemendur fá afhent námsgögn og fá kynningu á skipulagi og væntingum í smiðjunni. Nemendur gera smákökur (sparikökur)	Símat sem byggist á virkni nemenda, vinnubrögðum og hversu vel þeir fylgja fyrirmælum kennarans
3 – Textíl	Nemendur fá kynningu á textílmennt. Kynning á heimasíðunni :	
4-5- Heimilisfræði	Nemendur rifja upp fæðuhringinn Nemendur elda grjónagraut í ofni og baka bananabrauð.	
6 – Textíl	Nemendur vinna sjálfstætt í tímanum. Nemendur fá kynningu á fatamerkingum, efni og þvottaleiðbeiningum. Nemendur byrja að hekla ferning í teppi og halda áfram með myllupoka.	
7-8 – Heimilisfræði	Nemendur baka brauðbollur Nemendur baka skúffuköku. Nemendur vinna verkefni í vinnubókinni.	
9 – Textíl	Nemendur vinna sjálfstætt í tímanum. Nemendur fá kynningu á því hvaðan verðmætin okkar koma og ábyrgð sinni gagnvart orkunotkun og nýtingu.	
10-11 Heimilisfræði	Nemendur læra að lesa á umbúðir og læra um mikilvægi hollrar fæðu. Lokaveisla : Nemendur gera hollan bananaís og gera mexicó vefjupizzu.	
12 – Textíl	Nemendur vinna sjálfstætt í tímanum. Nemendur setja sér markmið fyrir næstu lotu.	